



Reykjavík, 07.07.2022

Hafnarfjarðarbær  
B.t. Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra  
[rosa@hafnarfjordur.is](mailto:rosa@hafnarfjordur.is)

Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

### Efni: Ásland 4, Hafnarfirði

Veitum ohf. hafa borist erindi bæjarstjóra Hafnarfjarðar þar sem fram kemur að bæjaryfirvöld geti ekki sætt sig við seinkun útboðsgagna fyrir Ásland 4 í Hafnarfirði og að „þær óvæntu tafir...[séu] gífurlega kostnaðarsamar“.

Veitur leggja áherslu á gott samstarf við bæjaryfirvöld um uppbyggingu veitukerfa í Hafnarfirði og hafa lagt sig fram um að verkefnið Ásland 4 gangi sem allra best.

Fyrirtækið vill benda á eftirfarandi varðandi undirbúning og þróun verkefnisins:

- Þann 25. október 2021 barst fyrirspurn frá Hafnarfjarðarbæ varðandi lóðir fyrir búnað í Áslandi 4. Veitur gerði grein fyrir kerfisuppbygginguna á svæðinu. Hafnarfjörður spurðist einnig fyrir um helstu stofnleiðir.
- 1. nóvember 2021 svöruðu Veitur að ekki væri þörf fyrir lóðir vegna nýrra dælustöðva, þar sem reiknað hafði verið með hverfinu þegar dælustöð við Dalsás var byggð á sínum tíma. Veitur svöruðu að fæðing yrði austan megin frá Dalsási inni hverfið.
- 1. nóvember 2021 spurðu Veitur hvort að senda ætti hverfið í forhönnun, þar sem að forhanna þyrfti allt verkið til að afla upplýsinga um nákvæmar pípustærðir og lagnaleiðir.
- Þann 8. nóvember 2021 funduðu fulltrúar Veitna og Hafnarfjarðarbæjar til að ræða stöðu skipulagsmála hjá Hafnarfirði. Veitur óskuðu eftir fundinum til að fá betri yfirsýn yfir uppbyggingu kerfis m.t.t. skipulagsáforma.
- 23. nóvember 2021 spurðust Veitur fyrir um gatnahönnunina og hvort hægt væri að fá hana til að undirbúa grófa forhönnun í verkinu. Þau svör bárust frá Hafnarfjarðarbæ að Veitur yrðu kallaðar að borði þegar gatnahönnun færi fram og unnt yrði að samsæma hönnun við aðrar veitur. Veitur svöruðu því til að beðið yrði frekari upplýsinga um gatnahönnun.
- 12. apríl 2022 rann athugasemdafrestur vegna deiliskipulags fyrir Ásland 4 út. Veitur hafa ekki upplýsingar um hvenær deiliskipulagið tók gildi.
- 16. maí 2022. Boðað til kynningarfundar fyrir Ásland 4 og Hellnahraun áfangi B.
- 23. maí 2022. Kynningarfundur með öllum veitum fyrir Ásland 4 og Hellnahraun áfangi B.
- Veitur úthluta verkefnastjóra í verkið í kjölfar kynningarfundar.



- 13. júní 2022. Grunnmynd barst frá hönnuðum Hafnarfjarðarbæjar.
- Í kjölfarið var örútbóð innan rammisamnings vegna hönnunar undirbúið og sent út af Veitum, tilboðsfrestur til 8. júlí.
- Á vormánuðum unnu Veitur hermilíkan af hverfinu Ásland 4 útfrá deiliskipulagstillögu, ásamt þeim upplýsingum sem liggja fyrir um Vatnshlíð. Vatnshlíð og Ásland 4 verða á sama dreifistofni í svipaðri legu og Ásvallabraut og því er mikilvægt að geta áætlað réttar stærðir sem miðar að allri uppbyggingu. Þá áætluðu Veitur pípustærðir útfrá líkaninu og grunnmynd sem send var 13. júní svo hægt væri að hafa upplýsingar um þetta í samræmingarhönnun og kennisniðum fyrir alla miðla.

Til að tryggja heitt vatn fyrir framtíðaruppbyggingu á þessum svæðum í Hafnafirði hafa Veitur unnið að stóru verkefni varðandi flutningslagnir hitaveitu milli Kaplakrika að Lækjarskóla. Flutningslagnir verða endurnýjaðar og stækkaðar. Það verkefni var sett í forgang og eru áætluð verklok á næsta ári.

Veitur hafa mikinn metnað til að vinna hönnun fyrir Ásland 4 og aðfæðingu að Áslandi 4 og Vatnshlíð bæði vel og faglega. Veitur telja að óhófleg tímapressa á hönnuði geti orsakað fljótfærni, mistök og misskilning, auk þess sem starfsfólki er óheimilt að hanna verk áður en endanlegt deiliskipulag liggur fyrir. Veitur telja að 3 mánuðir sé ekki nægur tími til að forhanna hitaveitu og bakrás fyrir nýtt hverfi Áslands 4 og samræma og vinna útboðsgögn hitaveitu fyrir 1. áfanga hverfisins. Því þótti Veitum skynsamlegt að endurskoða útboðsdagsetningar í byrjun hönnunar með það að markmiði að tryggja góðan framgang verksins í hönnun og framkvæmd og minnka líkur á óþarfa tölum á seinni stigum.

Starfsfólk Veitna hefur unnið hörðum höndum að því að þetta verkefni hafi sem bestan og hraðastan framgang, en hönnunarforsendur og endanlegt deiliskipulag verða að liggja fyrir svo hægt sé að hanna verk.

Veitur leggja sig fram um að koma til móts við þarfir Hafnarfjarðarbæjar bæði hvað varðar hraða verkefna og fjárfestingaþörf og hafna því að tafir, sem fyrirtækið ber ábyrgð á, valdi sveitarfélaginu tjóni í tilviki 4. áfanga Áslands. Veitur telja útbóð verkframkvæmda geta farið fram í byrjun nóvember nk. og eru tilbúnar að liðka eins og kostur er fyrir verkframvindu í góðu samráði við Hafnarfjörð.

Veitur ítreka að samstarf við starfsfólk sveitarfélagsins hefur verið með ágætum og vonast til að svo geti orðið áfram.

Virðingarfyllst,

Sólrún Kristjánsdóttir  
Framkvæmdastýra Veitna ohf.